



Akureyri

Verklagsreglur;  
*þegar um er að ræða fjölpættan vanda hjá nemendum  
í grunnskóla*

## EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
MARKMIÐ ÞESSARA VERKLAGSREGLNA	4
ÞJÓNUSTA SKÓLASAMFÉLAGS AKUREYRAR	4
HEGÐUNAR- OG SAMSKIPTAVANDI	5
GRUNUR VAKNAR UM EINELTI	6
SKÓLASÓKN NEMENDA	6
ALVARLEGT BROT Á SKÓLAREGLUM EÐA LÖGBROT NEMENDA	9
GRUNUR UM VANRÆKSLU EÐA OFBELDI GEGN BARNI	9
HEILSA – GEÐHEILBRIGÐI	11
LÍKAMLEGT INNGRIP Í MÁL NEMANDA	11
TRÚNAÐARBRESTUR Á MILLI FORRÁÐAMANNA OG SKÓLA	11
TÍMABUNDIN BROTTVÍSUN ÚR GRUNNSKÓLA	12

## INNGANGUR

Í lok árs 2015 kom fram ósk frá skóladeild (nú fræðslusvið) um að samræma reglur og verklag vegna nemenda með mikinn og fjölbættan vanda. Umræðan kom í kjölfarið á vinnu starfshóps sem vann að endurskoðun á sérfræðiþjónustu Akureyrarbæjar í málefnum barna. Var þá umræða um mikilvægi þess að samræma reglur og verklag. Í framhaldinu var ákveðið að skoða þjónustuna í víðara samhengi þegar unnið er með fjölbættan vanda nemenda.

Markmið með þessum reglum og verklagi þar um er að samræma verkferla grunnskóla bæjarins þegar um flókinn vanda er að ræða og auðvelda aðgengi starfsfólks að upplýsingum um verklag og tryggja að faglega og vel sé brugðist við í flóknum málum.

Skipaður var vinnuhópur sem í sitja Stella Gústafsdóttir, Brekkuskóla, Ágúst Jakobsson (2015-2016), Naustaskóla, Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir, Oddeyrarskóla, Sigurbjörg Rún Jónsdóttir, fræðslusviði og Alfa Aradóttir, Rósenborg. Tók vinnuhópurinn til starfa í nóvember 2015.

Hópurinn fundaði alls 12 sinnum og skilaði af sér til endurgjafar haust 2017 og komu athugasemdir frá verkefnisstjórn skólasmiðju, forstöðumanni barnaverndar og sérfræðiþjónustu skóla. Skjalið fór í aðra yfirferð á vordögum 2018 og frekari ábendingar bárust frá skólastjórum, forstöðumanni barnaverndar og bæjarlögmanni. Skjalnu var vísað til fræðsluráðs til samþykktar í september 2018.

Ætlunin er að skjalið verði aðgengilegt öllu starfsfólk skóla og verði kynnt stjórnendum og starfsfólk skólanna.

Virðingarfyllst,

Alfa Aradóttir  
Sigurbjörg Rún Jónsdóttir  
Stella Rósa Gústafsdóttir  
Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir

\*Kaflinn um skólasókn var lítillega endurskoðaður haustið 2020 í samvinnu við deildarstjóra grunnskólanna.

\*Skjalið var uppfært í september 2021: breytingar m.a. á heiti sviða, flæðiriti Hlíðarskóla bætt inn (það hafði dottið út í síðustu útgáfu) og einnig var titili skjalsins breytt en hann þarf að endurskoða áfram í samráði með starfshópnum í heild.

## MARKMIÐ PESSARA VERLAGSREGLNA

- Einfalda og samræma verkferla grunnskóla Akureyrarbæjar við vinnslu mála þar sem vandi nemenda er alvarlegur og fjölbættur.
- Skapa vinnulag sem tryggir skilvirka samvinnu stofnana Akureyrarbæjar og ábyrgð aðila þannig að hlutverk séu skýr og markmið skilgreind.
- Auðvelda starfsfólki að bregðast við vanda er upp kemur hjá nemendum s.s. vegna ástundunar, hegðunar, samskipta, skólasóknar eða neyslu vímuefna.

*Verlagsreglurnar taka mið af reglugerð (1040/2011) um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólam, reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðibjónustu sveitarfélaga og ákvæði aðalnámskrár grunnskóla.*

## ÞJÓNUSTA SKÓLASAMFÉLAGS AKUREYRAR

Pessar verlagsreglur fjalla í grófum dráttum um hvernig unnið skal þegar grunnskólanemendur á Akureyri eiga í vanda. Skólar bæjarins hafa hins vegar sjálfstæði í sínum málum, vinna samkvæmt mismunandi uppeldisstefnum og því geta nánari útfærslur verið að einhverju leyti breytilegar milli skóla.

Í hverjum skóla eru umsjónarkennrarar, skólastjórnendur, námsráðgjafi og skólahjúkrunarfæðingur lykilfólk í lausn mála í samstarfi við nemendur og foreldra. Í skólunum starfa nemendaverndarráð samkvæmt reglugerð 584/2010 en hlutverk nemendaverndarráðs er að „samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðibjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur bæði verið vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.“ Í nemendaverndarráðum sitja skólastjórnendur, námsráðgjafar, skólahjúkrunarfæðingar og fulltrúar sérfræðibjónustu.

Sérfræðibjónusta Akureyrarbæjar felur í sér þjónustu velferðarsviðs (félagsráðgjöf, barnaverndarúrræði / MST), fræðslusviðs (sálfræðibjónusta, fjölskyldu- og uppeldisráðgjöf, PMTO/SMT, aðkoma að samskiptamálum innan skóla) og samfélagsviðs (Skólasmiðja í Rósenborg, félagsmiðstöðvar. Einnig er úrræði hjá BUGteymi SAK og sálfelagsleg þjónusta hjá HSN (Heilbrigðisstofnun Norðurlands)).

### *Um sérfræðibjónustu við grunnskóla*

Sérfræðibjónusta sveitarfélaga vegna grunnskóla beinist að því að efla grunnskóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og viðeigandi aðstoð og stuðning við störf sín.

Sérfræðibjónusta tekur annars vegar til stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og hins vegar til stuðnings við nemendur í grunnskólum og foreldra þeirra. Markmið með sérfræðibjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, broskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Við framkvæmd sérfræðibjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á forvarnarstarf til að stuðla markvisst að almennri velferð nemenda og til að fyrirbyggja vanda. Snemmtækt mat á stöðu nemenda og

ráðgjöf í kjölfarið er mikilvægt. Með því er hægt að bregðast við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda, skipuleggja kennslu og stuðning þannig að það hæfi hverjum nemanda í skóla án aðgreiningar. Sérfræðibjónustan á að móta af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda óháð starfsstéttum sérfræðinga og hver veitir bjónustuna. Þannig skal velferð nemandans ávallt höfð að leiðarljósi.

Sérfræðibjónustan skal styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í skólum, starfsfólk þeirra og foreldra með ráðgjöf og fræðslu. Viðeigandi túlkabjónusta er nauðsynleg til að tryggja að upplýsingar og ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli eða vegna fötlunar sinnar þurfa á slíkri bjónustu að halda.

## HEGÐUNAR- OG SAMSKIPTAVANDI

1. Kennari leitar orsaka vandas með viðtali við nemandann, hvetur hann til að bæta sig og gefur honum tækifæri til að tjá skoðanir sínar í málum sem hann varða og skal tekið réttmætt tillit til þeirra.
2. Kennari hefur samskipti við forráðamenn og hvetur þá til að aðstoða nemandann.
3. Kennari leitar aðstoðar skólastjórnenda og sérfróðra ráðgjafa skólans. Kennari upplýsir foreldra um stöðuna.
4. Skólastjórnandi heldur fund með foreldrum og nemanda þar sem hvatt er til umbóta og orsaka vandas leitað með viðtolum við nemandann og foreldra hans.
5. Skólastjórnandi leggur málið fyrir nemendaverndarráð ef málið er þess eðlis. Ávallt skal upplýsa foreldra ef um mál barna þeirra er fjallað í nemendaverndarráði.

### *Sérstaklega skal skoða:*

- a. þroska nemandans, náms- og kennsluhætti, skólabrag, samsetningu námshópa (kennrarar, námsráðgjafi, sérkennari)
  - b. aðstæður í nemenda- og félagahópnum (umsjónarkennari, félagsmiðstöð, námsráðgjafi, skólahjúkrunar-fræðingur)
  - c. samskipti kennara og nemenda og samskipti heimila og skóla.
6. Ef málið leysist ekki er óskað eftir aðstoð fræðslusviðs (sálfræðingur, kennsluráðgjafi, PMTO), eða málið tilkynnt til barnaverndar eftir atvikum. Teymi er stofnað um málefni nemandans ef á þarf að halda. Fulltrúi skólans leiðir teymið.
  7. Teymi vinnur í málinu, eftir atvikum, með aðkomu velferðarsviðs og fræðslusviðs. Fulltrúi skólans leiðir teymið nema annað sé ákveðið. Á meðan unnið er í málinu getur nemandinn verið í heimaskóla, í tímabundinni brottvísun (sjá viðauka um framkvæmd) eða í öðru sérúrræði, s.s. skólasmiðju í Rósenborg.

### *Möguleg inngríp, þegar almenn úrræði skólans hafa dugað, er að:*

- takar nemanda úr kennslustund og láta hann fást við önnur viðfangsefni það sem eftir lifir skóladags undir eftirliti starfsfólks skólans
- vísa nemanda úr kennslustund í ákveðinni námsgrein í annað úrræði innan skólans undir eftirliti starfsfólks skólans
- óska eftir að foreldrar sækji viðkomandi nemanda
- vísa nemanda um stundarsakir úr skóla að hámarki eina kennsluviku á meðan leitað er

lausnar. Foreldrar geta komið fram athugasemdum og andmælum skv. 13.gr. stjórnsýslulaga nr. 93/1993 (sjá viðauka).

- vísa nemanda ótímabundið úr skóla (sjá viðauka) ef nemandi veldur öðrum skaða eða eignatjóni. Leita skal allra leiða áður en þessi leið er farin. Skólastjóri tilkynnir fræðsluráði ákvörðunina sem tryggir nemanda annað skólaúrræði innan þriggja vikna.

([Reglugerð nr. 1040/2011](#) um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum).

## GRUNUR VAKNAR UM EINELTI

1. Ef grunur er um einelti fer starfsfólk skóla eftir **aðgerðaráætlun gegn einelti** viðkomandi skóla og tilkynnir umsjónarkennara um stöðu málsins.
2. Umsjónarkennari kannar málið í samstarfi við skólastjórnendur og setur það í þann farveg sem við á. Umsjónarkennari upplýsir foreldra.
3. Eineltisteymi skólans ber ábyrgð á að framfylgja með virkum og ábyrgum hætti aðgerðaáætlun skólans.
4. Foreldrar eða skólar geta óskað eftir aðstoð fagráðs eineltismála sem starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis ef ekki tekst að finna lausn innan viðkomandi skóla eða sveitarfélags <https://www.mms.is/>.

### *Leiðbeinandi verklag fyrir eineltisteymi skóla*

- Allar ábendingar um einelti eru teknar alvarlega og haft samband við foreldra.
- Sá sem fær upplýsingar um einelti vísar því í eineltisteymið sem tekur málið til meðferðar sem fyrst, að jafnaði innan tveggja daga. Skipuleg skráning hefst.
- Eineltisteymið kemur saman og gerir viðbragðsáætlun í samræmi við aðgerðaráætlun og aflar frekari gagna.
- Könnun máls skal að jafnaði lokið innan viku frá því að tilkynning um einelti barst.
- Ákvörðun um úrvinnslu er tekin á grundvelli niðurstaðna og í samráði við málsaðila og eru þeir upplýstir um niðurstöðuna í samráði við foreldra málsaðila.
- Sá sem einelti beinist að og sá/þeir sem stóðu fyrir eineltinu fá skipulegan stuðning og aðhald í a.m.k. sex mánuði frá fagaðilum innan sem utan skóla.
- Eineltisteymið heldur áfram samráði við foreldra málsaðila eftir að könnun eineltis lýkur í allt að sex mánuði.
- Málinu lokað með formlegum hætti.

## SKÓLASÓKN NEMENDA

Góð mæting í skóla er viðamikill þáttur í farsælli skólagöngu og vellíðan barna og unglings. Miklar fjarvistir úr skóla geta verið kvíðavalldandi fyrir börn og unglings og haft áhrif á líðan og námsárangur þeirra.

Allt skólasamfélagið (forsjáraðilar, nemendur, starfsfólk skóla) verða að bera virðingu fyrir mikilvægi skólasóknar alla þá 180 skóladaga nemenda í grunnskóla á hverju ári.

Mikilvægt er að raunmæting sé skráð, en með raunmætingu er átt við að tekið sé tillit til allra fjarvista og þær reiknaðar sem prósentuhlutfall af skólasókn yfir árið.

Í grunnskólum Akureyrarbæjar eru fjarvistir og seinkomur skráðar í Mentor. Ef foreldrar gera ekki athugasemd strax við skráðar ástundunarfærslur skoðast þær samþykktar.

- Fyrir seinkomu fær nemandi skráð 1 stig
- Fyrir farvist úr kennslustund fær nemandi skráð 2 stig

## **Viðbragðsáætlun vegna fjarvista**

### **Þrep 1:**

Ef nemandi er kominn með 10 stig ræðir umsjónarkennari við nemandann ef hann hefur aldur til og fyllir út áætlun um bætta skólasókn (sjá hér). Í kjölfarið hringir hann heim og upplýsir foreldra/forráðamenn um samtalið við nemandann og gerir áætlun um bætta skólasókn.

### **Þrep 2:**

Ef nemandi er kominn með 20 stig og/eða 10 veikinda-/leyfisdaga eru foreldrar boðaðir á fund með umsjónarkennara og stjórnanda þar sem leitað er leiða til úrbóta og áætlun tvö um bætta skólasókn fyllt út (sjá hér). Skólahjúkrunarfræðingur upplýstur um málið.

### **Þrep 3:**

Ef nemandi er kominn með 30 stig og eða 15 veikinda-/leyfisdaga eru foreldrar ásamt nemanda (ef hann hefur aldur til) boðaðir á annan fund með umsjónarkennara og stjórnanda, leitað lausna og áætlun þrjú um bætta skólasókn fyllt út (sjá hér). Mælt er með aðkomu skólabjónustu fræðslu- og lýðheilsusviðs (tilvísun send með samþykki foreldra) og boðið upp á samþætta þjónustu á 1. stigi. Ef um veikindadaga er að ræða er skólahjúkrunarfræðingur boðaður á fundinn.

### **Þrep 4:**

Ef nemandi er kominn með 40 stig og eða 20 veikinda-/leyfisdaga er boðað til fundar með foreldrum. Gripið er til úrræða s.s. á vegum heilsugæslu, félagsþjónustu eða annarra þjónustuaðila eftir því sem við á. Samþætting á 2. stigi er kynnt. Áætlun fjögur um bætta skólasókn fyllt út (sjá hér).

### **Þrep 5:**

Fari nemandi yfir 60 stig og fyrrgreind úrræði hafa ekki borið árangur er málinu vísað áfram í barnaverndarþjónustu. Unnið áfram þar með málastjóra samþættingar ef verið er að veita samþætta þjónustu.

### **Leyfi nemenda í lengri tíma - umfram 2 skóladaga**

Umsókn um lengra leyfi nemenda þarf að vera skriflegt og samþykkt af skólastjóra. Taka þarf fram hver ábyrgð foreldra á námi barnsins sé og með hvaða hætti þeir tryggi að nemandinn haldi námsáætlun skóla.

## ALVARLEGT BROT Á SKÓLAREGLUM EÐA LÖGBROT NEMENDA

*Með alvarlegum brotum á skólareglum er m.a.a átt við: Alvarlegt ofbeldi, þjófnað, innbrot í skóla (bar með talið í tölvukerfi), skemmdarverk, veggjakrot, tóbaksnotkun, veip, áfengis- og fíkniefnaneyslu, sölu og dreifingu fíkniefna.*

Þegar ofangreind mál koma upp metur skólastjóri hverja af neðangreindum leiðum hann velur að fara:

### LAUSNARLEIÐ SKÓLA

1. Starfsmaður tilkynnir skólastjórnanda um málið.
2. Skólastjórnandi tilkynnir foreldrum um málið og metur, í samráði við foreldra, hvort nemandi verði sendur heim meðan málið er til frekari skoðunar.
3. Ef samvinna næst ekki við foreldra getur komið til tímabundinnar brottvikningar nemanda á meðan ákvörðun er tekin um framhald málsins. Ef um brottvikningu er að ræða skal gæta stjórnsýslulaga nr. 93/1993, þ.m.t. andmælaréttar, meðalhófs, jafnræðisreglu og rannsóknar- og upplýsingaskyldu.
4. Ef um ofbeldi er að ræða hefur skólastjórnandi samband við foreldra þolanda. Ef ekki er um kæru að ræða leitar skólastjórnandi heimildar foreldra til lausnar málsins innan skólans. Fundað með geranda og foreldrum hans um framhald málsins. Ráðgjöf og þjónusta sótt til fræðslusviðs og/eða velferðarsviðs Akureyrarbæjar. Tilkynning send til barnaverndar ef talin er þörf á.
5. Finnist ekki viðunandi lausn innan skólans er málinu vísað til fræðslusviðs. Hugsanlegt er að finna annað skólaúrræði.

### AÐKOMA LÖGREGLU

1. Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
2. Skólastjóri tilkynnir lögreglu um málið og fer fram á rannsókn málsins.
3. Skólastjóri tilkynnir málið til barnaverndar.
4. Skólastjóri grípur til tímabundinnar brottvikningar nemanda ef hann metur þörf á því.

*Um framhald máls fer samkvæmt niðurstöðu lögreglurannsóknar.*

**AÐKOMA BARNAVERNDAR - GRUNUR LEIKUR Á AÐ NEMANDI SÉ UNDIR ÁHRIFUM VÍMUEFNA Í SKÓLANUM / Á SKÓLALÓÐ EÐA GRUNUR UM VÍMUEFNANEYSLU EÐA DREIFINGU OG SÖLU.**

1. Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
2. Skólastjóri tilkynnir málið til barnaverndar ef um grun er að ræða skv. 17. gr. barnaverndarlaga 2002, nr. 80. Tilkynnt til lögreglu ef grunur leikur á að nemandi stundi dreifingu eða sölu vímuefna.
3. Skólastjóri ákveður hvort vísa eigi nemanda úr skóla tímabundið meðan málið er óútkljáð í samráði við foreldra og barnavernd.
4. Ef nemandi er undir áhrifum vímuefna á skólatíma er haft samband við foreldra og barnavernd.
5. Teymi myndað um nemandann; heimili, skóli, forvarnarfulltrúi skólans og barnavernd.
6. Ef ágreiningur kemur upp milli foreldra og skóla skal leita til fræðslusviðs.

## GRUNUR UM VANRÆKSLU EÐA OFBELDI GEGN BARNI

Grunur um vanrækslu: Starfsmaður lætur stjórnanda vita um grun sinn og málinu vísað til nemendaverndarráðs sem tekur það til umfjöllunar og metur hvort ástæða sé til tilkynningar og ákveður næstu skref. Skólinn upplýsir forráðamenn að öllu jöfnu áður en tilkynning er send til barnaverndar.

Grunur um ofbeldi: Starfsmaður lætur stjórnanda vita um grun sinn. Stjórnandi tilkynnir til barnaverndar án þess að upplýsa forráðamenn fyrirfram.

Í lögnum um barnavernd segir að tilkynna skuli um aðstæður barns þegar ástæða er til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu, sbr. 16. gr.

Einnig ber að tilkynna þegar sá sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu, sbr. 17. gr. Tilkynningarskylda beirra starfsstéttu sem getið er um í 17. gr. gengur framar ákvæðum laga og siðareglina um þagnarskyldu. [Verklagsreglur um tilkynningarskyldu til barnaverndar](#).

#### Barnaverndarlög:

**IV. kafli. Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.**

**16. gr.** Tilkynningarskylda almennings.

[Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

- búi við óviðunandi uppeldisaðstæður,
- verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
- stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

þá er hverjum manni skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu lífneri þungaðrar konu, t.d. með ofneylsru áfengis eða fíkniefnaneyslu, eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi, eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig varða.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 80/2011, 7. gr.](#)

**17. gr.** Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

[Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.]<sup>1)</sup>

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfrazéðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskabjálfum, [náms- og starfsráðgjöfum]<sup>1)</sup> og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða siðareglina um

*pagnarskyldu viðkomandi starfsstéttu.*

*1) L. 80/2011, 8. gr.*

## HEILSA – GEÐHEILBRIGÐI

1. Ef starfsmaður verður var við breytingar í hegðun eða líðan nemanda leitar hann aðstoðar sérfræðinga innan skólans, t.d. hjúkrunarfraeðings, námsráðgjafa, félagsráðgjafa eða skólastjörnenda.
2. Ef nemandi leitar til starfsmanns hefur starfsmaðurinn samband við skólastjörnendur sem stýra því hvernig málið skuli unnið.
3. Skólastjörnendur fara með málið fyrir nemendaverndarráð sem ákveður næstu skref í samráði við þá sem að málinu koma.
4. Ef vandinn er félagslegur má leita ráðgjafar hjá starfsmönnum félagsmiðstöðva og athugað með sértæk úrræði frá félagsmiðstöðvunum í samráði við forráðamenn (sjá framkvæmdaáætlun forvarnarstefnu).
5. Ef vandinn snýr að heimilisaðstæðum, beinu öryggi barnsins eða almennu heilsufari þess, bæði andlega og líkamlega, skal alltaf farið í gegnum nemendaverndarráð sem beinir málinu áfram í viðeigandi úrræði. Einnig er hægt að leita ráða hjá forstöðumanni félagsmiðstöðvar með sértæk úrræði úr framkvæmdaáætlun forvarnarstefnu.

## LÍKAMLEGT INNGRIP Í MÁL NEMANDA

1. Starfsfólk skóla er óheimilt að beita líkamlegum refsingum og líkamlegu innngripi í refsingarskyni.
2. Ef háttsemi nemanda leiðir af sér hættu fyrir samnemendur og/eða starfsfólk ber starfsfólk skylða til að bregðast tafarlaust við slíku með líkamlegu innngripi. Þetta á einvörðungu við háttsemi sem getur leitt til líkamstjóns, stórfellds eignatjóns eða röskunar á almannahagsmunum. Líkamlegu innngripi skal aðeins beitt í neyð og eingöngu þegar ljóst er að aðrar leiðir duga ekki til að forða nemanda frá því að skaða sig og/eða aðra.
3. Líkamlegt innngrip skal felast í því að stöðva hættulega háttsemi nemanda og koma viðkomandi í öruggt rými. Mikilvægt er að fleiri en einn starfsmaður komi að inngrípinu ef þess er nokkur kostur. Varast skal að starfsmaður sé einn með nemanda sem er í miklu uppnámi.
4. Tafarlaust skal látið af líkamlegu innngripi þegar hættuástand er liðið hjá.
5. Slík atvik skulu án undantekninga vera tilkynnt til skólastjóra, einnig skráð og varðveisitt í skólanum sem og ferill máls og ákvarðanir sem teknar eru í kjölfarið.
6. Gefa skal foreldrum og viðkomandi nemendum kost á að tjá sig um skráða atvikalýsingu. Atvikaskráning skal fela í sér lýsingu á aðdraganda, sjálfum atburðinum og mati á þeirri hættu sem skapast hefði af athafnaleysi. Einnig skal skrá viðbrögð foreldra og nemenda við því mati.
7. Þegar slíkar aðstæður koma upp í skóla, sbr. lið 2, er mikilvægt að starfsfólk vinni ekki eitt og kalli eftir aðstoð annars starfsfólks eða viðeigandi aðstoð, til dæmis frá lögreglu, heilsugæslu eða öðrum eftir atvikum.

Allur ferill máls skal skráður formlega og undantekningarlaust.

## TRÚNAÐARBRESTUR Á MILLI FORRÁÐAMANNA OG SKÓLA

1. Skólastjóri leitar upplýsinga hjá starfsfólk skólans vegna málsins.

2. Skólastjóri og foreldrar/forráðamenn leita lausna í málinu.
3. Fræðslusvið kemur að málinu eftir beiðni frá skóla og/eða frá foreldrum/forráðamönum.
4. Kallað eftir aðstoð frá velferðarsviði ef ástæða þykir til.
5. Málið tilkynnt til barnaverndar ef ástæða þykir til.
6. Teymi stofnað um málið. Fulltrúar fræðslu- eða velferðarsviðs leiða teymið og bera ábyrgð á vinnu þess.

Allur ferill máls skal skráður formlega og undantekningarlaust.

## TÍMABUNDIN BROTTVÍSUN ÚR GRUNNSKÓLA

Verklag ef nemandi brýtur alvarlega af sér samkvæmt skólareglum viðkomandi skóla og viðurlög við brotinu eru brottvísun úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið. Brottvísun úr skóla er stjórnvaldsákvörðun og ber því að fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, við alla málsméðferð. Bent skal á að brottvísunin er kæranleg til mennta- og menningarmálaráðuneytisins skv. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008.

### **Verklag skólastjóra:**

Skólastjóri sendir foreldrum viðkomandi nemandi bréf samdægurs með tilkynningu um fyrirhugaða brottvísun úr skólanum. Ávallt skal leita samstarfs við foreldra nemandu um úrlausn máls og nemandu sjálfan þegar það á við.

### **Fyrirhuguð brottvísun**

Tilkynning um fyrirhugaða brottvísun meðan fundin er lausn á máli nemandu sbr. 4. mgr. 14. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og 4. mgr. 12. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011. Málsatvik, tilvitnun í skólareglur og viðurlög við brotum á þeim sem eiga við í viðkomandi tilviki, hve lengi brottvísunin á að vara ef um tímabundna brottvísun er að ræða og upplýsingar um andmælarétt foreldra (skrifleg/munnleg andmæli, frestur til andmæla).

Skólastjóri boðar foreldra á fund næsta skóladag til þess að gæta andmælaréttar í samræmi við stjórnsýslulög vegna fyrirhugaðrar brottvísunar. Bent skal á að brottvísunin, komi til hennar, er kæranleg til mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008.

Fyrstu viðbrögð við broti geta falist í því að senda nemandu heim það sem eftir lifir þess dags sem meint brot á sér stað og telst það ekki til stjórnvaldsákvörðunar. Láta þarf foreldra vita áður en nemandi er sendur heim. Nemandi getur verið heima, að höfðu samráði við foreldra, eða í öðru skólaúrræði þar til andmælin hafa verið tekin fyrir.

Skólastjóri heldur fund með foreldrum næsta skóladag á eftir þar sem farið er yfir málsatvik. Ef skólinn ætlar að vísa nemandu úr skóla um ákveðinn eða óákveðinn tíma þarf að tryggja að foreldrar fái tækifæri til þess að koma með andmæli við fyrirhugaðri ákvörðun skólastjóra. Slíkt þarf að vera skriflegt og samkvæmt lögum.

Komi foreldri með andmæli við brottvísuninni á fundinum ber skólastjóra að taka þau til skoðunar

og leggja mat á málið að nýju að loknum fundi. Andmæli foreldra eru ýmist lögð fram bréflega eða munnlega og ber þá að skrá þau niður. Foreldrar staðfesta að rétt sé eftir haft með undirritun sinni. Ef ekkert kemur fram í andmælum foreldra sem að mati skólastjóra hefur áhrif á fyrirhugaða ákvörðun sendir skólastjóri foreldrum nemandans bréf þar sem ákvörðun um brottvísun (tímbundin/ótímbundin) er tilkynnt.

### Ákvörðun um brottvísun

Þegar tekin er ákvörðun um að vísa nemanda úr skóla meðan verið er að finna lausn á máli hans sbr. 4. mgr. 14. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 4. mgr. 12.gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 skal vísað til fyrra bréfs þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða brottvísun og að skólastjóri hafi farið yfir andmæli foreldra, ástæður ofangreindrar brottvísunar og hversu lengi brottvísunin á að standa ef um tímabundna brottvísun er að ræða. Einungis er heimilt að vísa nemanda úr skóla í eina kennsluviku.

Sé nemanda vikið ótímabundið úr skóla skv. 4. mgr. 12. gr. reglugerðar, nr. 91/2011 skal skólastjóri strax tilkynna fræðsluráði þá ákvörðun. Fræðsluráði er skylt innan tveggja vikna að tryggja nemanda, sem vikið hefur verið úr skóla, viðeigandi kennsluúrræði, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Bent skal á að brottvísunin er kæranleg til mennta- og menningarmálaráðuneytisins skv. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008.

Skólastjóri skal sjá til þess að atvik sem skipta máli vegna úrlausnar mála séu skráð og varðveitt í skólanum, sjá í 14. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011.

Bent skal á að foreldrar, sem aðilar máls, eiga aðgang að öllum gögnum þess nema þau innifeli upplýsingar um aðra nemendur. Í þeim tilvikum þarf skólastjóri að meta hagsmuni hvors aðila af því að aðgangur sé veittur.

Lög um grunnskóla:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum (12.-16.gr.)

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1040-2011>

Verklag vegna tímabundinna brottvísunar úr grunnskóla frá samband.is

[http://www.samband.is/media/grunnskoli/Verklag\\_v\\_timab\\_brottvisunar\\_2015.pdf](http://www.samband.is/media/grunnskoli/Verklag_v_timab_brottvisunar_2015.pdf)

# Hvernig við aðstoðum nemendur í hegðunarvanda

